

skal því við bætt, að bækurnar hafa verið afhentar N. N. Bryde, íslenzkum kaupmanni, til þess að hann annist um að þær verði sendar til Vestmannaeyja með fyrsta skipi sem þangað fer.

1865.
15. júlí.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um eptirgjöf á landskuld og leigum af Undirhrauni.¹

15. júlí.

Með bréfi dagsettu 6. marzmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent oss eptirrit af skoðunargjörð á húsum þeim, sem Jón Jónsson og Bjarni Sigurðsson, ábúendur á hálfri jörðinni Undirhrauni, er heyrir undir Kirkjubæjar klausturs umboð, hafa flutt og byggt upp aptur af nýjum viðum. Þar eð nauðsynlegt var, eptir því sem umboðsmaður hefir skýrt frá, að flytja húsin á báðum jarðarpörtum þessum, og þóknun sú, sem ábúendurnir mælast til að fá, er mjög sanngjarnleg í samanburði við vinnu þá og fè, sem verja hefir orðið til flutningsins, hafið þér lagt það til, að leiguliðum þessum sé gefnar eptir leigurnar, sem þeir eiga að gjalda um Mikaelsmessu 1864, og landskuldin í fardögum 1865 og 1866; hafið þér og getið þess, að jarðarafgjöld hvors ábúandans um sig, þau sem þér hafið stungið uppá að gefin séu eptir, séu þessi:

15 álnir eptir meðalverði á ullu, smjöri og tólg,	
eptir verðlagsskránni fyrir árið 1865—66;	
alinn á 29 sk.	4 rd. 51 sk.
15 álnir, alinn á 8 sk.	1 — 24 —
10 álnir í smjöri eptir verðlagsskránni fyrir árið	
1864—65	2 — 33 —
og landskuldin í fardögum 1866, metin eptir áætlun	5 — 80 —
	<hr/>
	alls 13 rd. 92 sk.

eða hërumbil 14 ríkisdalir.

¹) Smbr. bréf dómsmálastjórnarinnar 6. júlímán. 1864, á 66. bls. hér að framan.]

1865.
15. júlí. Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það, að dómsmálastjórnin, eptir því sem ástatt er, veitir eptirgjöf þá, sem þér hafið mælt fram með.

15. júlí. **52. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.**

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með bréfi yðar 29. maímán. þ. á. um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárlögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestaekku um sig:

Uppgjafapresti Sveinbirni Sveinbjarnarsyni frá Staðarhrauni	60 rd.
— Guðlögi Sveinbjarnarsyni úr Hvammi . . .	15 —
— Jóni Sigurðssyni frá Söndum	60 —
— Jóni Jónssyni frá Miklabæ	15 —
— Jóni Guðmundssyni frá Hjaltastöðum . . .	35 —
— Stefáni Hanssyni úr Fljótshlíðarþingum . .	15 —
Prestsekkju Helgu Jónsdóttur á Bjarnastöðum	30 —
— Salbjörgu Jónsdóttur á Hörðubóli	25 —
— Ingibjörgu Pálsdóttur í Hjarðarholti	20 —
— Kristínu Pálsdóttur á Brekku	27 —
— Oddnýju Ingvarsdóttur á Litluhvalsá	20 —
— Þóru Auðunardóttur á Auðkúlu	20 —
— Elínu Einarsdóttur á Leysingjastöðum . . .	30 —
— Guðríði Helgadóttur á Fremraseli	10 —
— Sigríði Jónsdóttur á Miðfjarðarnesseli . . .	10 —
— Þorbjörgu Guðmundsdóttur á Jörvík	16 —
— Sigríði Bergsdóttur á Litluheiði	12 —

Lateris 420 rd.